

# LESBOK MORGUNBLADSINS



Kolumbus hafði fundið Ameríku og Kopernikus áttar sig á skipulagi sólverfis vors, áður en maðurinn færði að skilja starf sins eigin hjarta. Og enn leður laugur tini áður en menn-irnir fóru að skilja starf lunganna og áttuðu sig á magnan þeirri hinni furðulegu, sem fylgir fjörgisnámi líkamans. Oxigenum eða súrefni hefi jeg kallað fjörgi og fjörgun maetti kalla súrefnistóku líkamans og magnan þá, sem af henni leiðir. Ær sú magnan merkileg næsta, og furðulegt að hugsa sjer, hvernig þetta efn, sem er eins fagurblátt og fjallabláminn sýnir og himinheiðið, heldur við lífi voru. Og þó er til ennbá merkilegri magnan, sem nú fyrst er verið að átta sig á. Það er svefnmagnan. Fra uppspreitu kraftarins er hin sofandi vera mögnuð til þess að geta haldið áfram að lífa. Í svefini fer maðurinn nýan lífsþrótt. Að eins nokkra solarhringa getur maðurinn lífað, sje honum algerlega bannad að sofa. Krafturinn, sem magnar manninn í svefini, er sá sami er tendraði hina fyrstu örsmáu neista lífsins á jörðu hjer, þegar jarðefnin fyrir svo sem þúsund miljónum ára, höfðu hafist á það stig, að magnan gat komið fram sem líf. Takið eftir, hversu fagurlega hið mikla samband kemur fram. Innsgili sannleikans er hjer svo augljóst að það mun engum dyljast sem al alvöru reynir til að sjá.

DR. HELGI PJETURSS.